

Nefndarsvið Alþingis

Umsögn við drög að frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð, mál nr. 201/2020

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, gerir athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um tækniþróunarsjóð, mál nr. 201/2020.

Til að tryggja að markmið laganna náist við endurskipulagningu málefna á sviði nýsköpunar verða stjórnvöld að tryggja þverfaglega nálgun með aðkomu breiðari hóps fagmanna, m.a. úr skapandi greinum, hönnun, arkitektúr, samskiptum og hugvísindum.

Hér koma athugasemdir við eftirfarandi greinar:

1.gr.

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs hvetur til þess að svið hönnunar og arkitektúrs falli undir skilgreiningar tækniþróunarsjóðs á nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Þar er mikilvægt að haft sé samstarf við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Listaháskóla Íslands rétt eins og aðra íslenska háskóla og stofnanir.

4. gr.

Stór hluti þeirra verkefna sem hönnuðir og arkitekta vinna að snúa að umhverfismálum, samlegðaráhrifum, loftslagsmálum og hringrásarhagkerfinu. Miðstöð hönnunar og arkitektúrs telur mikilvægt að fá rödd inn vísinda- og tækninefnd með því að fá fulltrúa inn í nefndirnar. Þverfagleg nálgun er lykill að þróun og árangri í þessum efnum.

Athugasemd við greinagerð um frumvarpið:

Í greinagerð um frumvarpið er síðan kynnt áform um að setja á fót sérstakan samkeppnissjóð um byggingar- og mannvirkjarannsóknir. Það er fagnaðarefni að styrkja eigi þetta mikilvæga efni en gríðarlegir fjármunir liggja í mannvirkjum hér á landi, hjá hinu opinbera, fyrirtækjum sem og almenningi í landinu. En rannsóknir eru ekki nóg.

Við lýsum áhyggjum okkar yfir því að ekki virðist vera búinn til neinn miðlægur staður til að tryggja að rannsóknir séu samfelldar, aðgengilegar og til að styðja undir það mikilvæga markmið að búa til betri byggingar og betra byggt umhverfi fyrir okkur öll. Gríðarlega mikilvægt er að geta safnað saman og miðlað þekkingunni sem verður til við rannsóknirnar en í þessu frumvarpi er mjög óljóst hvernig því verður háttað.

Að lokum viljum við lýsa vonbrigðum með að ekki hafi verið leitað til breiðari hóps fagaðila í samráði vegna frumvarpsins. Fjallað er um rannsóknir í byggingariðnaði nær eingöngu út frá tæknilegum rannsóknum og framförum í efnisnotkun og byggingartækni en hér er þörf á að horft sé til nýsköpunar og rannsókna í skipulagi borga, innviða, samfélagslegra rýma auk heimilis og atvinnuumhverfi.

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs óskar eftir samráði og samtali vegna þessa frumvarps.